



Fundargerð – stöðutaka í maí 2017

Boðað var til sameiginlegs notendafundar með fjórum notendahópum: Ferðapjónustunni, greiningaraðilum, fjölmiðlum, og rannsóknarsamfélaginu. Markmið fundarins var að fara yfir stöðu umbóta- verkefna hjá Hagstofunni. Fundurinn var haldinn hjá Hagstofu Íslands þriðjudaginn 23. maí 2017 milli 10:00 og 11:00.

Notendur sem mættu á fundinn voru:

Greiningaraðilar	Fyrirtæki/ stofnun
Ingileif Jónsdóttir	Íslensk erfðagreining
Oddný Þóra Óladóttir	Ferðamálastofa
Jón Óskar Pétursson	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Hildur Kristjánsdóttir	Stjórnstöð ferðamála
Kristín Harðardóttir	Háskóli Íslands
Svava Haraldsdóttir	Seðlabanki Íslands
Hörður Garðarsson	Seðlabanki Íslands
Marinó Melsted	Hagstofa Íslands – Þjóðhagsspá
Magnús Stefánsson	Landsbankinn
Hallsteinn Arnarson	Landsbankinn
Ólafur Garðar Halldórsson	Samtök atvinnulífsins
Bryndís Jónatansdóttir	Samtök lðnaðarins
Erna Björg Sverrisdóttir	Arion banki
Margrét Valdimarsdóttir	Háskóli Íslands

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn:

Frá Hagstofu Íslands	Staða
Auður Ó. Svavarsdóttir	Deildarstjóri Utanríkisverslunar
Elsa Björk Knútsdóttir	Sviðsstjóri Rekstrarsviðs
Gunnar Axel Axelsson	Deildarstjóri Þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála
Hrafnhildur Arnkelsdóttir	Sviðsstjóri Félagsmálasviðs
Lárus Blöndal	Deildarstjóri Atvinnu, lífskjara og mannfjölda
Magnús Kári Bergmann	Deildarstjóri Fyrirtækjatölfræði
Margrét Kristín Indriðadóttir	Deildarstjóri Launa, tekna og menntunar
Ólafur Arnar Þórðarson	Starfsmannastjóri
Reynir Kristjánsson	Gæðastjóri
Tryggvi Björgvinsson	Deildarstjóri Upplýsingatækni og miðlunar

Fundarstjóri var Reynir Kristjánsson.

Dagskrá

1. Inngangsorð
2. Staða umbótaverkefna

Fundargerð

1. Gæðastjóri setti fundinn og fjallaði um vinnu í notendahópum. Þegar hafa verið stofnaðir fjórir notendahópar og sá fimmti er í burðarliðnum, en það er notendahópur stjórnsýslunnar. Fyrirhugað er að vera með notendafundi í september þar sem hver og einn hópur kemur með umbótahugmyndir og forgangsraðar þeim. En til að notendur geti fylgst með hvað verður um umbótahugmyndirnar þeirra, þá verði boðið upp á fund eða fundi á vorin þar sem farið verður yfir stöðu umbótaverkefna. Að þessu sinni var ákveðið að bjóða öllum notendahópunum saman og fara yfir stöðuna. Þetta var gert þannig að þær umbótahugmyndir sem fengu flest stig í forgangs röðun hjá hverjum hópi fyrir sig voru tekin til umfjöllunar. Samtals voru þetta 26 umbótahugmyndir. Sumar þessara hugmynda eru þegar orðnar að umbótum, aðrar eru orðnar að umbótaverkefnum sem eru í vinnslu, en í nokkrum tilfellum hefur ekki verið hægt að bregðast við óskum notenda. Gæðastjóri nefndi að engar umbótahugmyndir gleymist þó svo að ekki sé hægt að bregðast við að sinni.

2. Stjórnendur á hagstofunni fóru yfir stöðu 26 umbótahugmynda.

Umbótahugmynd	Staða
Upplýsingar um fjölskyldustærð/ íbúðir/ heimili	Hagstofan birtir eftirfarandi upplýsingar um þessa þessa þætti: 1) <u>Kjarna-fjölskylda</u> : Árlegt - hjón og fólk í óvígðri sambúð, börn hjá þeim 17 ára og yngri, einhleypir karlar og konur, sem búa með börnum 17 ára og yngri. Börn 18 ára og eldri, sem búa með foreldrum sínum, teljast ekki til kjarnafjölskyldu og sama gildir um einhleypa sem búa með börnum sínum 18 ára og eldri. Ekki heimili, heldur lagaleg fjölskylda. 2) <u>Lífskjararannsókn</u> : Árlegt - hefur verið birt úr lífskjararannsókn og þá eingöngu áætlaður fjöldi heimila í landinu og meðalfjöldi einstaklinga á heimilum. 3) <u>Manntal 2011</u> : Þar eru greinargóðar upplýsingar um heimilisgerðir, íbúðir og stærð heimila. Hugtakið „einkaheimili er skilgreint á grundvelli íbúðarinnar, en ekki á grundvelli sameiginlegs heimilishalds. Í því felst að allir einstaklingar sem búa í íbúð séu heimilisfólk á sama heimili, þannig að það er eitt heimili á hverja íbúð sem búið er í.
Framsetning á félagsvísunum (erfitt að finna tölurnar á vefnum)	Félagsvísar birtast í heild sinni í skýrslu á vef Velferðar-ráðuneytis. Þeir birtast víða á vef Hagstofunnar – ekki undir einum flípa eða hnapp. Erum að skoða möguleika á að birta þá alla saman á einum stað á vef Hagstofunnar.
Menntun og aldur fólks sem flyst til landsins og frá því	1) <u>Ársfjórðungstödlur mannfjöldans</u> : Aldur var alltaf inni á árlegum tölum um búferlaflutninga. Er núna líka kominn inn í ársfjórðungslega búferlaflutninga. 2) <u>Menntun</u> : Verið að vinna að menntunarskrá Hagstofunnar. Er á lokametrunum. Fyrirvari: Annars vegar skortur á upplýsingum um menntun útlandinga og hins vegar skortur á upplýsingum um menntun sem Íslendingar afla sér erlendis. 3) <u>Menntun þeirra sem flytjast til og frá landinu</u> er í skoðun.
Könnun á lausum störfum	Ekki hefur fengist fjárveiting í þetta verkefni. Um er að ræða könnun sem kostar 10 – 15 milljónir króna.

Umbóta­hug­mynd	Staða
Könnun á færniþörf á vinnumarkaði	Hagstofan er þátttakandi í sérfræðingahóp um færniþörf og manna­flaspá. Í hópnum eru fulltrúar frá Vinnu­má­lastofnun, SA, ASÍ, Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Seðlabankanum. Sérfræðingahópurinn tók á móti sendinefnd CEDEFOP, Starfsmenntastofnun Evrópu, í september síðastliðnum til að fara yfir málið og í framhaldinu fóru 3 fulltúrar úr stýri­hópnum á vinnustofu í Grikklandi þar sem spákerfi annarra smábjóða voru kortlögð. Verið að skoða hvernig upplýsingar Hagstofu gangast inn í þetta verkefni.
Meira niðurbrot eftir aldri einstaklinga (í hagtölum almennt)	Reynum að fara í eins mikið niðurbrot og við getum. Þurfum að hafa í huga rekjanleika í gögnum þannig að það er mismunandi hversu mikið er hægt að brjóta niður eftir verkefnum. Mikilvægt að skoða hvaða aldurs­skiptingu notandinn þarf og meta hvort að hægt sé að verða við því eftir verkefnum.
Árstíðarleiðréttingar	Aðferðafræði árstíðarleiðréttinga hefur verið skráð og verður tekin fyrir í ráðgjafarnefnd um aðferðafræði í næstu viku.
Meiri upplýsingar úr atvinnulífinu og meira niðurbrot á atvinnuflokka	Stöðugt unnið að umbótum á þessu sviði, reynt að bregðast við beiðnum um aukið niðurbrot ef það er mögulegt.
Bein og óbein eign í skráðum fyrirtækjum	Þessar upplýsingar höfum við ekki, eignarhald er skráð í árs­reikningum fyrirtækja en það er illgerlegt að koma þeim upplýsingum í gagnagrunn öðru vísi en að slá þær upplýsingar inn. Verður ekki breyting á þessu nema skráning verði bætt hjá RSK.
Meiri landshlutatengd tölfræði (í þessum flokki var líka kallað eftir meira niðurbroti á tölum almennt og upplýsingum um ferðabjónustu í landshlutum)	Gistinætur hafa verið birtar niður á sveitarfélög þar sem því hefur verið komið við. Rannsókn meðal 2300 stærstu fyrirtækja landsins er nú í gangi, þar er áhersla á að kortleggja starfs­stöðvar og fjölda stöðugilda á hverri starfsstöð. Einnig verður safnað upplýsingum um aukastarfsemi fyrirtækja.
Bæta lýsigögn í ferðamálatölfræði (ítarlegri skilgreiningar á gögnum í töflum - bæta lýsigögn, oft vantar skýringar, t.d. gistinætur)	Lýsigögn hafa verið bætt fyrir fjölda launagreiðenda og laun­þega, veltu samkvæmt virðisaukaskattskýrslum og gistinætur.
Birta alþjóðlegan samanburð (gistinætur, útgjöld o.fl.)	Mest allri tölfræði er skilað til Eurostat og þar er hægt að nálgast í það minnsta Evrópskan samanburð. Gögnum er líka skilað til annarra alþjóðastofnana sem birta alþjóðlegan samanburð, s.s. OECD, FAO, UNWTO. Athuga með að setja tengil á alþjóðlegan samanburð í lýsigögn.
Umbætur á gistináttatölfræði (birta heildargistinætur fyrr, gistiskýrslur birtar niður á ISAT, póstnúmer, meðalfjöldi gistinotta niður á landshluta og þjóðerni)	Fyrstu tölur yfir áætlaðan heildarfjölda gistinátta árið 2016 voru birtar í fréttatilkynningu í lok janúar. Við birtingu á 2016 tölum var í fyrsta skipti birtar áætlaðar tölur yfir airbnb. Áfram verður unnið að því að birta upplýsingar eins fljótt og hægt er.
Leiðréttur kynbundinn launamunur, opinber vs. einkamarkaður	Hagstofan birtir árlega upplýsingar um óleiðréttan launamun kynjanna. Hins vegar hefur leiðréttur launamunur kynjanna, þar sem tekið er tillit til ýmissa skýringarþátta sem geta haft áhrif á laun, ekki verið hluti af reglulegum hagtölum Hagstofunnar. Árið 2014 var gerð rannsókn á leiðréttum launamuni sem byggði á samstarfssamningi milli Hagstofunnar og aðgerðahóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti. Sú vinna skilað niðurstöðum um leiðréttan launamun fyrir árin 2008-2013. Það hafa verið þreifingar um áframhaldandi samstarf sem miðar að því að birta niðurstöður fyrir árin 2014-2016 á þessu ári, en ennþá er ekkert fast í hendi með það.

Umbóta hugmynd	Staða
ÍSTARF bæta skráningu	Fyrir október 2016 voru meðallaun einungis birt eftir störfum fyrir almennan vinnumarkað þar sem starfaflokkun opinbera geirans var ekki að fullu lokið í launarrannsóknar Hagstofunnar. Þeirri vinnu er nú lokið og hægt er að finna upplýsingar um meðallaun eftir störfum bæði fyrir almenna og opinbera geirann. Birtar eru upplýsingar um starfsstéttir eftir atvinnugreinum annars vegar og starfsstéttir eftir launabegahópum hins vegar. Einnig má finna upplýsingar um meðallaun í yfir 200 einstökum störfum og starfsstéttum.
Tekjutölfræði úr staðgreiðsluskrá	Í vinnslu. Áætlað að hefja birtingu á þessu ári.
Samfella í tímaröðum í greiðslujöfnuði	Núverandi tímaröð þjónustuviðskipta við útlönd er frá 2013, við upptöku nýrra staðla. Verið er að vinna að því að lengja tímaröðina og stefnt er að því á þessu ári að birta gögn frá 2009, eða frá þeim tíma sem þjónustuviðskipti við útlönd voru færð frá Seðlabanka til Hagstofu.
Vöruviðskipti á þjóðhagsreikningagrunni	Þetta atriði er háð fjármögnun á mánaðarlegum þjónustuviðskiptum við útlönd, sem samkvæmt reglugerð er skylda að birta frá 2017. Verið er að vinna að fjármögnun.
Breytt birting á vöruviðskiptum	Með lokatölum fyrir árið 2016 sem verða gefnar út um miðjan júní breytist birting á vöruviðskiptatölum á þann hátt að töflum verður fækkað og fleiri breytur verða í hverri töflu.
Ársfjórðungslegt framleiðslu og tekju uppgjör	Þetta er hluti af stærra verkefni sem er uppbygging nýs framleiðsluuppgjörs. Það er erfitt að segja nákvæmlega til hvenær er raunhæft að því verkefni verði lokið en ef áætlanir okkar ganga eftir og við náum að ljúka þessu verkefni á á svipuðum tíma og það tók m.a. hagstofur Finnlands og Svíþjóðar að ljúka við sambærilega vinnu, þá erum við að tala um 3-4 ár.
Hlutfall ferðaþjónustu í vergri landsframleiðslu	Erum nú þegar að birta þessa stærð. Hefur dregist að uppfæra hana vegna 2014 og 2015 en við munum gera það fyrir lok mánaðarins. Erum að skoða þann möguleika að birta einnig bráðabirgðatölu fyrir árið 2016.
Atvinnuvegafjárfesting brotin niður í almenna, stóriðju, skip og flugvélar	Búin að þessu og búin að birta.
Ítarlegri íbúðafjárfestingartölfræði, t.d. byggingarstig	Ársfjórðungsgögnin sem við fáum frá þjóðskrá sýna verðmætaukningu frá síðustu áramótastöðu á öllum byggingastigum. Þetta er gróf tala og matið er mismunur tveggja stóra talna (stokkstærða). Inn í þessari tölu eru íbúðir, sumarhús og meiri-háttar endurbætur sem hafa áhrif á fasteignamatið. Í þessum gögnum getum við ekki séð hvað eignir eru að færast milli byggingastiga. Í þjóðhagsreikningum erum við að meta íbúðafjárfestinguna en erum ekki með ítarlega greiningu á húsnæðismarkaðinum eins og stendur. Þjóðskrá (áður Fasteignamat Ríkisins) er með stóran gagnagrunn um húsnæði á Íslandi. Eins og stendur á heimasíðunni þeirra: „ Þjóðskrá Íslands heldur fasteignaskrá og þjóðskrá, ákveður brunabóta- og fasteignamat og annast rannsóknir á fasteignamarkaðinum “. Við teljum því að íbúðatölfræði brotin niður á byggingastig ætti því að tilheyra Þjóðskrá.

Umbótahugmynd	Staða
Geta notað myndir beint af Hagstofuvefnum (copy-paste)	Samkvæmt prófunum Hagstofunnar er hægt að afrita og líma myndir beint af vef inn í aðrar lausnir. Hagstofan hefur samt haft þessa þörf í huga við endurskoðun á framsetningu á vefnum og miðar lausnir við þessa þörf.
Samræma sniðmát taflna t.d. tímaröð + nota hagtölur beint í excel	Þetta verkefni er í vinnslu og unnið er að því á sama tíma og næsta verkefni (vörukörfuviðmóti) þar sem forsenda þess verkefnis er að sniðmát taflna sé samræmt. Í augnablikinu er verið að skoða hvernig sé best að samræma töflur áður en lagt verður af stað í vinnuna með öllum deildum Hagstofunnar.
Vörukörfuviðmót þegar gögn eru sótt	Unnið er að verkefni um vörukörfuviðmót þar sem notendum talnaefnis á vef verður boðinn upp á möguleiki að safna nokkrum vefköflum saman í einn pott og sækja reglulega í stað þess að sækja töflur frá mörgum stöðum. Hagstofan hefur unnið þarfagreiningu á verkefninu til þess að útlista nánar hvaða þörfum verkefninu er ætlað að svara. Jafnframt óskaði Hagstofan eftir því að fundargestir skráðu sig á þar til gert eyðublað ef þeir höfðu áhuga á því að taka þátt í samráði varðandi verkefnið, t.d. með því að lesa yfir þarfagreininguna og fullvissa Hagstofuna um að réttum þörfum sé svarað. Tveir fundargestir skráðu sig og Hagstofan mun hafa samband við þá bráðlega.